

Tillaga Garðabæjarlistans um lýðheilsu hinsegin fólk

Fyrir hönd Garðabæjarlistans legg ég fram tillögu þess efnis að bæjarráð feli fræðslusviði að endurskoða og rýna þær aðgerðir sem gripið hefur verið til þegar kemur að fræðslu um hinsegin málefni og gera enn betur í fræðslu til starfsfólks sveitarfélagsins sem og í hvatningu og stuðningi við íþróttafélögin í sveitarfélaginu til að tryggja að fræðsla fari fram.

Greinargerð

Að undanfögnu hefur umfjöllun um hinsegin fólk endurvakið umræðu um stöðu hinsegin fólks í samfélaginu. Um þessar mundir er verið að sýna einstaka þætti um líf trans barna á Íslandi. Sem gefur okkur enn gleggri mynd af stöðu barna og ungmenna í þessari stöðu og hversu mikilvæg fræðsla er fyrir líðan og upplifun hinsegin einstaklinga og ekki síst hinsegin barna og ungmenna.

Líkt og formaður Trans Íslands, félags trans fólks á Íslandi greinir frá nýjustu rannsóknum á þessu sviði sem sýna fram á að velferð trans barna og unglunga batnar til muna þegar þau hafa stuðning og fá aðgengi að þeirri þjónustu sem þau þurfa á að halda, og snarminnkar það tíðni sjálfsvíga, sjálfskaða og vanlíðan meðal þessa hóps. Rannsóknir sýna einnig fram á að kynvitund trans barna er jafn sterk og jafnaldra þeirra og því er mikilvægt að hlusta á börn og unglunga og leyfa þeim að stjórna ferðinni.